

Með nýjum lögum um háskóla 2006, framhaldsskóla 2008 og framhaldsfræðslu 2010 eru námslok innan formlega menntakerfisins og vottaðar námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um vottun og staðfestir að um rétt hæfniprep sé að ræða. Lýsing á hæfniprepum er birt í aðalnámskrá framhaldsskóla og í Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

HÆFNIRAMMA UM ÍSLENSKT MENNTAKERFI ER ÆTLAÐ AÐ:

- Veita nemendum nám við hæfi og auka líkur þess að þeir ljúki námi að fullu
- Gefa góða yfirsýn yfir menntun og námsleiðir sem eru viðurkenndar af yfirvöldum
- Gera leiðina í gegnum menntakerfið gagnsæri og skiljanlegri fyrir alla hagsmunaaðila
- Auðvelda nemendum og öðrum hagsmunaaðilum að koma auga á fjölbreyttar leiðir til þess að byggja ofan á þá menntun sem þegar er lokið
- Auðvelda færslu námsmanna milli framhaldsfræðslu og formlega skólakerfisins
- Vera leiðbeinandi fyrir fræðsluaðila við gerð námsskráa, áfanga- og námsbrautarlýsing
- Auka gæði náms og gagnkvæmt traust milli landa í Evrópu
- Gera samanburð skilvirkari og auðvelda þannig gagnkvæma viðurkenningu á menntun milli landa
- Auka hreyfanleika námsmanna milli ólíkra menntakerfa innanlands sem utan
- Auðvelda flæði launamanna milli landa

Frekari upplýsingar er að finna á <http://haefnithrep.menntagatt.is>


Íslensk hæfniprep	Evrópsk hæfniprep
7	8
6	7
5	6
4	5
3	4
2	3
1	1-2

ISQF EQF

ISQF

Hæfniramma um íslenskt menntakerfi er lýsing á námslokum frá lokum grunnskóla til hæstu prófgráðu á háskólastigi. Honum er ætlað að gera leiðina gegnum menntakerfið gegnsæri og skiljanlegri, auka hreyfanleika námsmanna innanlands sem utan og vera hvatning til frekara náms. Hvert hæfniprep er tengt við evrópskan hæfniramma (European Qualifications Framework, EQF) í þeim tilgangi að auka gagnsæi og viðurkenningu íslenskrar menntunar erlendis.

Hæfniramminn byggist á sjö hæfniprepum sem innihalda sviðmið sem lýsa þekkingu, leikni og hæfni á mismunandi þrepum. Í hæfniprepum er lögð áhersla á hvaða þekkingu einstaklingurinn býr yfir eða getur gert óháð því hvar og hvernig hann öðlast hæfnina og dregnar fram kröfur sem eru gerðar til námsloka á ólíkum námssviðum. Hæfniprepin eru skilgreind með nemendum í huga óháð skólastigi og framkvæmdaraðila.





Íslensk hæfniprep	EINSTAKLINGUR SEM ÖÐLAST HEFUR HÆFNI Á VIÐKOMANDI HÆFNIÞREPI	DÆMI UM NÁMSLOK OG PRÓFGRÁÐUR	Evrópsk hæfniprep
7	<ul style="list-style-type: none"> Hefur yfirgripsmikla þekkingu á rannsóknum og nýjungum innan fræðasviðs. Getur á skapandi hátt skipulagt, þróað, framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með frumkvæði að sköpun og þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi. getur leitt fræðileg samskipti á ábyrgan og gagnrýnin hátt 	Doktorspróf	8
6	<ul style="list-style-type: none"> Hefur yfirgripsmikla þekkingu á fræðigrein og/eða sérsviði starfsgreinar. Getur skipulagt á skapandi hátt flókið verkferli og/eða rannsóknir og beitt viðeigandi aðferðum og tækni af fagmennsku. Getur miðlað á ska pandi og gagnrýninn hátt fræðigrein og/eða starfsgrein, getur leiðbeint og stjórnað verkefnum og borið siðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu þekkingar sinnar og leikni. 	Masterspróf Diplómapróf á meistarastigi	7
5	<ul style="list-style-type: none"> Hefur þekkingu á fræðigrein og/eða sérsviði starfsgreinar. Getur skipulagt flókið verkferli og/eða rannsóknarverkefni og beitt viðeigandi aðferðum og tækni á ábyrgan hátt. Getur miðlað á skapandi og gagnrýninn hátt fræðigrein og/eða starfsgrein ábyrgð á hagnýtingu þekkingar sinnar og leikni. 	Bakkalárpróf	6
4	<ul style="list-style-type: none"> Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi, við starfsþróun, leiðsögn, stjórnun, og/eða til undirbúnings frekara námi. Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt. Býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur innan starfsvettvangs, getur leiðbeint og stjórnað öðrum í verkefnum og tekið ábyrgð á þróun í starfi og námi. 	Diplóma á háskólastigi	Viðbótarnám við framhaldsskóla ^{a)} 5
3	<ul style="list-style-type: none"> Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara námi. Getur forgangsraðað og skipulagt eigin störf í krefjandi aðstæðum og sýnt fagmennsku í starfi. Getur miðlað þekkingu sinni og leikni, rökstutt og ígrundað þær aðferðir sem hann nýtir auk þess að búa yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hæfni til að leiðbeina öðrum. 	Frumgreinanám	Stúdentpróf. Próf til starfsréttinda ^{b)} Önnur lokapróf ^{c)} 4
2	<ul style="list-style-type: none"> Hefur grunnþekkingu sem nýtist á starfsvettvangi. Getur leyst fagleg viðfangsefni, beitt viðeigandi tækni og borið ábyrgð á afmörkuðum starfspáttum. Getur miðlað upplýsingum um grunnatriði fags og verkefni á starfsvettvangi auk þess að geta útskýrt og rökstutt eigið verkferli. 	Framhaldsskólapróf Próf til starfsréttinda ^{d)} Önnur lokapróf ^{e)}	3
1	<ul style="list-style-type: none"> Hefur grunnþekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám og geti sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnu undir leiðsögn. Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum að úrlausnum. Getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti, fært rök fyrir máli sínu, virt skoðanir annarra og verið virkur og ábyrgur borgari í samfélaginu. 	Framhaldsskólapróf Önnur lokapróf ^{f)}	Grunnskólapróf 1 - 2

